

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

150 REYKJAVÍK

PR/ag

Rvk. 13.02.2006

Efni: Frumvarp til laga um faggildingu, 361. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva veita hér með sameiginlega umsögn um ofangreint frumvarp og mæla eindregið með því að frumvarpið verði að lögum.

Það er atvinnulífinu mjög mikilvægt að hér á landi sé fullur aðgangur að faggildingu á sama hátt og í öðrum löndum og að faggildingarstarfsemi hér á landi njóti viðurkenningar og sé aðili að alþjóðlegum samtökum og stofnunum á þessu sviði.

Faggilding fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum og mikilvægt að innlend löggjöf á þessu sviði sé sniðin að þeim stöðlum og það rúm að einstakar breytingar á stöðlum kalli ekki á breytingar á löggjöfinni um leið.

Mjög mikilvægt er að faggildingarstarfsemin sé óháð eftirlitsstjórnvöldum í landinu og er þessari starfsemi því vel fyrir komið undir hatti Einkaleyfastofu.

Virðingarfyllst,



Samtök atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins



SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Landssamband ísl. útvegsmanna



Samtök fiskvinnslustöðva